

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 755/2008 um breytingu á viðauka II með tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á menntun og hæfi í samræmi við ákvæði 11. gr. c (ii).

1. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2008, frá 5. desember 2008 um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 755/2008 um breytingu á viðauka II með tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á menntun og hæfi í samræmi við ákvæði 11. gr. c (ii).

2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 755/2008, merkt fylgiskjal I, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn, nr. 127/2008 frá 5. desember 2008, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, 16. árg., bls. 1.

3. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 755/2008 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 27. apríl 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 755/2008**

frá 31. júlí 2008

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ⁽¹⁾, einkum ii. lið c-liðar 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/36/EB er kveðið á um að ef sértækar ráðstafanir, sem með beinum hætti varða viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi í tiltekinni lögverndaðri starfsgrein, eru fastsettar í sérstökum lagagerningi Bandalagsins gildi samsvarandi ákvæði tilskipunar 2005/36/EB ekki. Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB frá 7. september 2005 um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB ⁽²⁾ er kveðið á um sjálfkrafa viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽³⁾. Tilskipun 2005/36/EB gildir því ekki um viðurkenningu á hæfi sjómanna sem starfa um borð í skipum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2001/25/EB.

2) Tékkland, Danmörk, Þýskaland, Ítalía, Rúmenía og Holland hafa lagt fram rökstuddar beiðnir um að starfsgreinar, tengdar sjómennsku í þessum löndum, sem falla undir gildissvið tilskipunar 2001/25/EB, falli brott úr a-lið 3. liðar í II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

3) Tékkland, Danmörk, Þýskaland, Ítalía og Rúmenía hafa farið fram á að allar starfsgreinar ásamt tilheyrandi lýsingu á menntun, sem eru skráðar fyrir lönd þeirra í a-lið 3. liðar í II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB, falli brott. Holland hefur farið fram á að tvær starfsgreinar: yfirstýrimenn (á strandferðaskipum) (með viðbótarnám) („stuurman kleine handelsvaart (met aanvulling)“) og vélstjórar (með prófskírteini) („diploma motordrijver“), ásamt tilheyrandi lýsingu á menntun, falli brott úr a-lið 3. liðar II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

4) Breska konungsríkið hefur lagt fram rökstudda beiðni um, að starfsgreinar tengdar sjómennsku, sem falla undir gildissvið tilskipunar 2001/25/EB, falli brott úr 5. lið II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2005/36/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar fyrir viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB er hér með breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 (Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 3).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 160.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/45/EB (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 160).

Nr. 376

27. apríl 2010

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við tilskipun 2005/36/EB:

1. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 3. liðar:

„a) Sjóflutningar

Nám fyrir:

í Lettlandi:

- rafvirkja á skipum („kuğu elektromehānikis“),
- stjórnendur kælivéla („kuğa saldēšanas iekārtu mašīnists“),

í Hollandi:

- skipaumferðarstjóra („VTS-functionaris“),

Þetta nám er sem hér segir:

— í Lettlandi:

- i. fyrir rafvirkja á skipum („kuğu elektromehānikis“),
 1. lágmarksaldur er 18 ár,
 2. felur í sér a.m.k. tólf og hálfis árs nám alls og samanstendur af a.m.k. níu ára grunnskólanámi og þriggja ára starfsnámi. Þar að auki er krafist a.m.k. sex mánaða siglingatíma í stöðu skipsrafvirkja eða aðstoðarmanns rafmagnsverkfræðings á skipi með rafalsfl yfir 750 kW. Starfsnámi lýkur með sérstöku prófi á vegum lögbærs yfirvalds í samræmi við námsáætlun sem samgönguráðuneyti viðurkennir,
- ii. stjórnendur kælivéla („kuğa saldēšanas iekārtu mašīnists“),
 1. lágmarksaldur er 18 ár,
 2. felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls, sem samanstendur af a.m.k. níu ára grunnskólanámi og þriggja ára starfsnámi. Þar að auki er krafist a.m.k. tólf mánaða siglingatíma í stöðu aðstoðarmanns kælivélavélfræðings. Starfsnámi lýkur með sérstöku prófi á vegum lögbærs yfirvalds í samræmi við námsáætlun sem samgönguráðuneyti viðurkennir,

— í Hollandi:

a.m.k. 15 ára nám alls, þar af a.m.k. þriggja ára æðra starfsnám („HBO“) eða starfsnám í sérskóla á miðstigi („MBO“), þar sem við bætast sérhæfð námskeið, landsbundin eða bundin við tiltekin svæði, sem fela hvert um sig í sér a.m.k. 12 vikna fræðilegt nám og lýkur hverju um sig með prófi.“

2. Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

Tiundi, ellefti, tólfti, þrettánda og fjórtánda liður falli brott.